Hagþenkir

félag höfunda fræðirita og kennslugagna

# Rétthafagreiðslur

# Ársreikningur 2023

Hagþenkir - Rétthafagreiðslur
Þórunnartúni 2
105 Reykjavík
kt. 520485-0749

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Hagþenkis

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hagþenkis - Rétthafagreiðslur fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023 og efnahag þess 31. desember 2023 í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Hagþenki í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Hagþenkis. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi félagsins er starfsemi fagfélaga. Rétthafagreiðslur eru í eigu og umsjá Hagþenkis. Hagþenkir er félag höfunda fræðirita og kennslugagna. Markmið félagsins er að gæta hagsmuna og réttar félagsmanna og bæta skilyrði til samninga og útgáfu fræðirita og kennslugagna og skylds efnis sem félagsmenn vinna að.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

*Rekstur ársins 2023*
Tap varð af rekstri sjóðanna á rekstrarárinu að fjárhæð 18,5 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 21,3 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Engin laun er greidd hjá sjóðunum.

*Yfirlýsing stjórnar*
Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2023, efnahag 31. desember 2023 og breytingu á eigin fé á árinu 2023 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikinga.

Stjórn Hagþenkis staðfestir hér með ársreikning sjóðanna fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. apríl 2024

Stjórn:

| | | |
|---|---|---|
| Gunnar Þór Bjarnason<br>Formaður | Ásdís Thoroddsen<br>Varaformaður | Henrý Alexander Henrýsson<br>Meðstjórnandi |
| Sólrún Harðardóttir<br>Ritari | Snæbjörn Guðmundsson<br>Meðstjórnandi | Friðbjörg Ingimarsdóttir<br>Framkvæmdastýra |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

## Eignir

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| Hagþenkir | | 27.163.180 | 42.164.615 |
| Veltufjármunir alls | | 27.163.180 | 42.164.615 |
| **Eignir samtals** | | 27.163.180 | 42.164.615 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 2 | | |
| Eigið fé | | 21.298.695 | 39.840.334 |
| Eigið fé alls | | 21.298.695 | 39.840.334 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur | | 5.864.485 | 2.324.281 |
| Skammtímaskuldir alls | | 5.864.485 | 2.324.281 |
| **Skuldir samtals** | | 5.864.485 | 2.324.281 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 27.163.180 | 42.164.615 |

# Sundurliðanir

## 3. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld greinast þannig:

**Styrkir, þóknanir, viðurkenningar og rétthafagreiðslur**

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Starfsstyrkir vegna ritstarfa (Fjölís) | 20.000.000 | 18.000.000 |
| Þóknanir vegna ljósritunar (Fjölís) | 6.000.000 | 3.935.000 |
| Ferða- og menntastyrkir (Fjölís / IHM) | 1.665.000 | 2.020.000 |
| Viðurkenning Hagþenkis (Fjölís) | 1.250.000 | 1.250.000 |
| Erlendar rétthafagreiðslur (Fjölís) | 632.987 | 0 |
| Styrkir til handritagerðar (IHM) | 1.500.000 | 1.500.000 |
| Rétthafagreiðslur handritshöfunda (IHM) | 19.225.871 | 6.629.914 |
| Lögfræðikostnaður (IHM / Fjölís) | 724.178 | 3.616.751 |
| 3% sjóður handritshöfunda (IHM) | 797.891 | 0 |
| | 51.795.927 | 36.951.665 |

## 4. IHM sjóður

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 30.544.623 | 14.372.898 |
| Tekjur | 8.285.800 | 8.392.299 |
| Greiðsla frá IHM v/uppgjörs 11. gr. tekna | 0 | 20.041.265 |
| Úthlutaðar rétthafagreiðslur | (20.023.762) | (6.629.914) |
| Ferða- og menntastyrkir | (45.000) | (120.000) |
| Handritsstyrkir | (1.500.000) | (1.500.000) |
| Lögfræðikostnaður vegna IHM sjóðs | 0 | (2.431.931) |
| Þátttaka í rekstri Hagþenkis (25% af tekjum) | (2.071.450) | (2.098.075) |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur v. fyrra árs | (1.458.581) | (940.500) |
| Fjármagnstekjuskattur | 4.405.228 | 1.458.581 |
| Staða í lok árs | 18.136.858 | 30.544.623 |

## 5. Fjölís sjóður

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 11.619.991 | 11.747.254 |
| Tekjur | 38.628.483 | 37.855.741 |
| Starfsstyrkir til ritstarfa | (20.000.000) | (18.000.000) |
| Þóknanir vegna ljósritunar og skönnunar | (6.000.000) | (3.935.000) |
| Ferða- og menntastyrkir | (1.620.000) | (1.900.000) |
| Lögfræðikostnaður vegna Fjölís sjóðs | (724.178) | (1.184.820) |
| Viðurkenning Hagþenkis | (1.250.000) | (1.250.000) |
| Erlendar rétthafagreiðslur | (632.987) | 0 |
| Þátttaka í rekstri Hagþenkis (30% af tekjum) | (11.588.545) | (11.356.722) |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur v. fyrra árs | (865.700) | (1.222.161) |
| Fjármagnstekjuskattur | 1.459.257 | 865.700 |
| Staða í lok árs | 9.026.321 | 11.619.991 |